



**LANDSSAMBAND
smábátæigenda**

BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Alþingi

*Erindi nr. Þ III / 129
komudagur 30/11 1988*

Þri 29. nóv 1988

Hv formaður Páll Pétursson
FJÁRHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR
NEÐRI DEILDAR ALÞINGIS

Í bréfi yðar dagsettu 2. nóv s l er óskað eftir álitum Landssambands smábátæigenda á frumvarpi til laga um eignarleigustarfsemi, 2. mál. Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir Landssambands smábátæigenda sem líklegar eru til að gera frumvarpið markvissara og draga um leið úr óþarfa fjárfestingu.

Um 1. gr.

3. mgr. orðist svo:

"**Kaupleiga**" í lögum þessum þá samningsaðstöðu skv. eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa eða valkvæðan eignarrétt að hinu leigða í lok leigutímans.

Ég tel að þegar leigutaki hefur að fullu greitt umsamda leigu sé hið leigða hans eign ef hann óskar þess.

Þegar ekki er á óyggjandi hátt kveðið á um að leigutaki eignist hið leigða þegar leigutíma er lokið og fullnægjandi greiðslur hafa verið ynnar af hendi, hefur eignarleigufyrirtækið það í hendi sér að ákveða eftirstöðvar.

Áðurgreind breyting kemur í veg fyrir slíkt.

Inn kemur ný grein sem verður nr 9 aðrar greinar færast þá að sama skapi aftur um eina grein.

Um 9. gr.

Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að taka önnur veð til tryggingar greiðslu hins leigða, en í tækinu sjálfu.



LANDSSAMBAND smábátæigenda

BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Ákvæði þetta myndi tryggja að leigutaki legði fram ákveðið eigið fé við samning og kaupleigufyrirtækið gæti ekki borið fyrir sig vanþekkingu á rekstri og arði hins leigða. Þetta tryggði athugun af hálfu eignarleigufyrirtækisins á eiginfjárstöðu umsækjenda og möguleikum hans til endurgreiðslu. Einnig myndi ákvæði þetta gera viðskipti þessi öruggari fyrir leigutaka og tryggja að viðskipti þessi verði með heilbrigðari hætti en verið hefur hingað til. En leigutaki hefur verið ofurseldur þessum fyrirtækjum og ábyrgð þeirra engin og áhugi þeirra á viðkomandi rekstri eftir því.

Um 9. gr. sem verður 10. gr.

Inn kemur breyting á 3. lið og nýr 4. liður.

4. liður verður því 5. og 5. liður verður 6..

3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskipunum, þ.á.m. lántökugjalds, ef um það er að ræða svo og upphæð fyrstu greiðslu.

4. Forsendur fyrir því greiðslufyrirkomulagi sem leigutaki telur sig geta uppfyllt.

Áðurnefndar breytingar yrðu til þess að færri legðu í fjárfestingu upp á von og óvon. Þá mundi eignarleigufyrirtækið einnig standa betur að vígi varðandi mat á afkomu og áætlunum leigutaka. Auðveldara yrði að kryfja ástæður fyrir erfiðleikum ef þeir kæmu upp.

Að lokum vil ég biðjast afsökunar á því hversu athugasemdir mínar eru seint á ferðinni, en ástæður þess voru óviðráðanlegar.

Virðingarfyllt

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátæigenda